



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 04.03.2012 kl. 17:15

Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Victor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigrún Dan Róbertsdóttir (SDR), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Victor Ingi Olsen (VIO). Sigrún Dan Róbertsdóttir og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) boðuðu forföll. Auk þeirra sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

- 1) Fundargerð síðasta fundar
 - a) samþykkt
- 2) Skilgreining grunnkostnaðar meistaraflokka
 - a) ÞÞ lagði fram drög að skilgreiningu grunnkostnaðar meistaraflokka félagsins. ÞÞ ásamt framkvæmdastjóra falið að fullvinna skjalið í ljósi umræðna á fundinum. Skjalið samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Afrekssjóður UMF Stjörnunnar
 - a) Fyrir fundinum lágu tillögur að úthlutun úr afrekssjóði félagsins fyrir árið 2012 auk hugmynda að þróun afreksstyrkja næstu ára. Byggt er á grunnkostnaði deilda auk hlutdeildar í launum þjálfara.

Aðalstjórn samþykkir að úthlutun ársins 2012 verði samtals kr. 55,7 milljónir króna sem skipitist þannig milli deilda:

 - (a) Blakdeild 3,5 milljónir
 - (b) Fimleikadeild 5,0 milljónir, þar af 2,0 milljónir reiknuð afnot af húsnæði
 - (c) Handknattleiksdeild mfl karla 6,4 milljónir
 - (d) Handknattleiksdeild mfl kvenna 7,8 milljónir
 - (e) Knattspyrnudeild mfl karla 13,5 milljónir
 - (f) Knattspyrnudeild mfl kvenna 7,0 milljónir
 - (g) Körfuknattleiksdeild mfl karla 11,0 milljónir, þar af 1,0 milljón reiknuð afnot húsnæðis.
 - (h) Körfuknattleiksdeild mfl kvenna 1,5 milljónir

Framkvæmdastjóra falið að tilkynna deildum um niðurstöðuna og árétta að deildum er skylt að aðlaga áætlanir sínar fyrir árið 2012 að niðurstöðu úthlutunarinnar og leggja þær að nýju fyrir aðalstjórn til samþykktar, eigi síðar en föstudaginn 13. apríl n.k.

Ljóst er að ekki verður um frekari stuðning úr sjóðum félagsins að ræða vegna rekstrar ársins 2012.

Framkvæmdastjóra og gjaldkera falið að funda sérstaklega með handknattleiks- og fimleikadeild vegna niðurstöðunnar.
- 4) Önnur mál
 - a) SB kynnti fyrstu hugmyndir að nýrri heimasíðu félagsins. Góður rómur gerður að hugmyndunum. SB mun vinna málið áfram.
 - b) Formaður gerði grein fyrir hugmyndum um „Stjörnuhlaup Garðabæjar“. Aðalstjórn fagnar fram komnum hugmyndum og samþykkir að skipa Þorstein Þorbergsson í undirbúningsnefnd vegna hlaupsins.

Fundi slitið kl. 19:00, ritað PGr